



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um lækkun hámarkshraða á Suðurlandsbraut

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. október 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga íbúaráðs Háaleitis- og bústaðahverfis:

Lagt er til að íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til umhverfis og skipulagsráðs að breyta tafarlaust hámarkshraða við Suðurlandsbraut, úr 60 km/klst niður í 40 km/klst, í samræmi við hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur.

Var tillögunni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann sama dag.

Umsögn:

Margir gangandi vegfarendur eiga leið yfir Suðurlandsbraut. Við hana liggur Laugardalurinn, samfelldur göngu- og hjólastígur milli Elliðaárdals og miðborgarinnar, og ýmis þjónusta. Út frá sjónarmiðum umferðaröryggis er mikilvægast að draga úr hraða bílaumferðar og almennt bæta aðstæður og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda við gatnamót og aðrar göngubveranir.

Núverandi hámarkshraði á Suðurlandsbraut er 60 km/klst. Líkt og kemur fram í tillögunni þá er lækkun hámarkshraða á Suðurlandsbraut í 40 km/klst í samræmi við hámarkshraðaáætlun borgarinnar. Gert hefur verið ráð fyrir því að hámarkshraði á Suðurlandsbraut yrði lækkaður samhliða framkvæmdum vegna Borgarlínu. Athugasemd barst frá íbúaráði Laugardals þar sem óskað var eftir því að hámarkshraði á Suðurlandsbraut yrði ekki lækkaður fyrr en samhliða aðgerðum vegna Borgarlínu. Rýni á akstri strætó eftir Suðurlandsbraut bendir til þess að raunhraði hans sé að jafnaði ekki nema lítillega yfir 40 km/klst (sjá mynd 1). Nú þegar hefur hámarkshraði þó verið lækkaður tímabundið við gönguljós móts við Suðurlandsbraut 30, í tengslum við tímabundið skólahúsnæði í Ármúla. Áhrif þeirrar lækkunar eru þó óljós.


Það væri því í samræmi við hámarkshraðaáætlun og umferðaröryggisáætlun að lækka hámarkshraða Suðurlandsbrautar í 40 km/klst.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

Hjálagt: Meðalhraði raunhraði strætóleiðar 5



Mynd 11: Meðalhraði á veglinu strætóleiðar 5. Myndin sýnir einnig núverandi og fyrirhugaðan nýjan hámarkshraða.

Mynd 1 Meðalhraði á veglinu strætóleiðar 5 sem ekur um Suðurlandsbraut. Sá hluti Suðurlandsbrautar sem er með 60 km/klst hámarkshraða er milli rauðu strikana. Mynd úr skýrslunni Áhrif hámarkshraðaáætlunar Reykjavíkur á Strætó¹

¹ Skýrslan Áhrif hámarkshraðaáætlunar Reykjavíkur á Strætó var unnin í tengslum við gerð hámarkshraðaáætlunar. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/ahrif_hamarkshraaaaetlunar_reykjavikur_a_straeto_skysla.pdf